



Hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði

Deiliskipulag
greinargerð og umhverfisskýrsla

Hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði

Deiliskipulag – greinargerð

og umhverfisskýrsla

6. nóvember 2008

Breytt þann 29.janúar 2009

Teikn á lofti ehf.

Skipagata 12

602 Akureyri

Sími: 461-2800, Fax: 462-7789

info@teikn.is

Efnisyfirlit:

1	ALMENNAR UPPLÝSINGAR.....	8
1.1	MARKMIÐ.....	8
1.2	AFMÖRKUN OG SKIPULAGSLEG STAÐA	8
1.3	SKIPULAGSGÖGN	8
1.4	STAÐHÆTTIR	8
2	SKIPULAGSTILLAGAN.....	10
2.1	ALMENNT	10
2.2	LANDFYLLINGAR.....	10
2.3	BYGGINGAR OG BYGGINGARREITIR	10
2.4	SVÆÐI FYRIR BIRGÐATANKA	10
2.5	LÓÐIR	10
2.6	NIÐURRIF MANNVIRKJA.....	11
2.7	NÝ VERKSMÍÐJA	12
2.8	VEGIR OG AÐKOMUR	12
2.9	BÍLASTÆÐI	13
2.10	GRÆNT SVÆÐI.....	13
2.11	LAGNIR OG VEITUR.....	13
3	ALMENNIR SKILMÁLAR	14
3.1	ALMENNT	14
3.2	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA	14
3.3	HÖNNUN MANNVIRKJA OG UPPDRÆTTIR.....	14
3.4	MÆLIBLÖÐ OG HÆÐARBLÖÐ	15
3.5	BYGGINGARREITUR / NÝTINGARHLUTFALL	15
3.6	FRÁGANGUR LÓÐA	15
3.7	SORP OG SORPGEYMSLUR	15
3.8	GIRÐINGAR.....	15
3.9	OLÍUTANKAR.....	15
3.10	ATVINNUSTARFSEMI.....	16
4	UMHVERFISSKÝRSLA.....	22
4.1	MATS- OG TILKYNNINGARSKYLDA	22
4.2	AÐFERÐIR VIÐ UMHVERFISMATIÐ.....	22
4.3	FRAMSETNING UMHVERFISMATS FYRIR DEILISKIPULAG	23
4.4	SKIPULAGSSVÆÐIÐ – STAÐHÆTTIR.....	23
4.5	VALKOSTIR.....	23
4.6	SAMRÆMI VIÐ AÐALSKIPULAG	24
4.7	SAMRÁÐ OG KYNNING	24
4.8	ÁHRIFASVÆÐI OG UMHVERFISÁHRIF	24
4.8.1	<i>Framkvæmdaþættir og starfsemi sem getur valdið umhverfisáhrifum.....</i>	<i>24</i>
4.8.2	<i>Umhverfiþættir sem geta orðið fyrir áhrifum</i>	<i>24</i>
4.8.3	<i>Almennt um umhverfisáhrif fiskimjölsverksmiðja.....</i>	<i>25</i>
4.9	UMHVERFISMAT STEFNUMÍÐA FYRIR NÝJA LOÐNUBRÆÐSLU OG 40 M HÁA SKORSTEINA.....	26
4.9.1	<i>Umfang umhverfisáhrifa fyrirhugaðrar verksmiðju og aðgerðir til að draga úr þeim</i>	<i>28</i>
4.10	SAMANTEKT OG NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS	30
4.11	VENSLATÖFLUR.....	31
5	KYNNING, AUGLÝSING OG MEÐFERÐ ATHUGASEMDA.....	33
6	GILDISTAKA OG FRAMKVÆMD	34
7	VIÐAUKAR - UMSAGNIR.....	35

1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

1.1 Markmið

Markmið deiliskipulagsins er að afmarka og skilgreina nánar frekari uppbyggingu og umferðarmál á hafnar- og miðsvæðinu á Vopnafirði. Mikilvægt er að skýra og auðvelda aðkomu svæðisins fyrir þá sem eiga leið um það. Núverandi lóðir eru endurskilgreindar m.t.t. lóðarmarka og aðkomu. Þá eru byggingarreitir skipulagðir vegna þeirra framkvæmda sem eru fyrirhugaðar á skipulagssvæðinu.

1.2 Afmörkun og skipulagsleg staða

Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af götunni Hafnarbyggð í vestri, bryggjunni Ásgarði í norðri, hafnarbakkanum í austri og strandlínunni í suðri.

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er skilgreint sem Hafnarsvæði og Miðsvæði í gildandi Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Ekkert deiliskipulag er í gildi yfir svæðið.

Skipulagssvæðið er rúmlega 8,4 ha. að stærð.

1.3 Skipulagsgögn

Gögn þessa deiliskipulags eru:

- A. Greinargerð er inniheldur skipulagslýsingu og skipulagsskilmála.
- B. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:1000.

1.4 Staðhættir

Skipulagssvæðið einkennist að miklu leyti af stórum mannvirkjum og umsvifum hafnsækinna fyrirtækja, sérstaklega útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja.

Helsta starfsemi innan svæðisins er;

- Bílar og vélar hf. starfrækir bílverkstæði og vélsmiðju.
- Rafstöð er skilgreind á svæði fyrir opinbera þjónustu.
- Útgerðarfélagið HB Grandi hf. rekur loðnuverksmiðju og frystihús með tilheyrandi geymslum og tönkum.
- Sláturfélag Vopnfirðinga.
- Verslunin Kauptún og verslun ÁTVR
- Þjónustu- og safnahúsið Kaupangur
- Verslun og vörumóttaka rekin af Bílum og Vélum.
- Rafmagnsverkstæði.
- Olíubirgðastöð Olíudreifingar

Auk ofangreinds er á svæðinu húsnæði þar sem rekin var fiskmarkaður til skamms tíma og ofan verslunarhúsnæðis og vörumóttöku var rekin mjólkurstöð. Bæði húsnæðin standa auð í dag.



Mynd 1. Horft frá Ásgarðsbryggju til suðurs yfir hafnarsvæðið.

2 SKIPULAGSTILLAGAN

2.1 Almennt

Vegna þeirrar uppbyggingar sem er í vændum á Vopnafirði þarf að skipuleggja svæðið svo heildarnýting þess og umgjörð verði sem best fyrir sveitarfélagið og notendur skipulagssvæðisins. Gert er ráð fyrir 9 byggingarreitum sem eru allir áætlaðir undir hafnsækna starfssemi, ýmist byggingar eða birgðatanka. Skipulagi er frestað á því svæði sem núverandi olíubirgðastöð stendur á og svæðinu sjávarmegin þess.

2.2 Landfyllingar

Við gerð landfyllinga skal huga vel að legu og gerð fláa á jaðri uppfyllinga með tilliti til frákasts öldu sem berst inná hafnarsvæðið.

2.3 Byggingar og byggingarreitir

Byggingarreitir eru sýndir á deiliskipulagsuppdrætti, en í tillögunni eru skilgreindir samtals 9 byggingarreitir á svæðinu fyrir byggingar eða birgðatanka, allir áætlaðir undir hafnsækna starfssemi. Hámarksflatarmál og hæð mannvirkja er sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

2.4 Svæði fyrir birgðatanka

Skilgreind eru tvö svæði fyrir birgðatanka á landfyllingu sunnan viðlegukantsins. Áætlað er að svæðin geti hvort sem er hýst Olíubirgðastöð, þannig að núverandi stöð leggist niður og færast um set, eða birgðatanka tengda loðnubræðslu og tengdri starfsemi s.s. lýsis- eða svartolíutanka.

Einnig er skilgreint tankasvæði sem tengist starfsemi loðnubræðslunnar sunnan byggingarreits verksmiðju, norðan núverandi lýsistanks sem stendur áfram.

Þró (olíugildra) skal koma umhverfis hvern reit, í samræmi við reglugerðir þar um og í samráði við Umhverfisstofnun.

2.5 Lóðir

Lóðarmörk og stærð lóðarhluta eru sýnd á skipulagsuppdrætti.



Mynd 2. Dæluhús verður flutt að verksmiðjuvegg.

2.6 Niðurrif mannvirkja

Lýsistankur norðan sláturhúss verður fjarlægður. Þá er gert ráð fyrir að olíubirgðastöð flytji sig frá núverandi svæði til norðurs. Dæluhús við hafnarkantinn verður flutt að verksmiðjuvegg. Viðbygging sunnan og austan á núverandi verksmiðju verður rifin og norðurendi núverandi verksmiðjuhúss verður endurbyggður. Á deiliskipulagsupprætti eru sýnd þau mannvirki sem heimilað er að fjarlægja.



Mynd 3. Byggingarreitur nýrrar verksmiðju. Hérna megin stóra tanksins og inní portið.

2.7 Ný verksmiðja

Gert er ráð fyrir byggingu nýrrar mjölverksmiðju við suðurenda núverandi verksmiðju. Áætluð vinnslugeta hennar verður allt að 850 tonn á sólarhring og fellur hún því undir 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, um framkvæmdir sem eru tilkynningarskyldar.

Nýjar stórar byggingar og skorsteinar verða staðsettar neðst á hafnarsvæðinu til að draga úr hæð þeirra í landi og sjónrænum áhrifum frá byggð. Við hönnun þeirra skal leitast við að fella mannvirki að öðrum byggingum svæðisins, varðandi þakhalla og ytra útlit.



Mynd 4. Aðkoma að hafnarsvæði frá suðri.

2.8 Vegir og aðkomur

Deiliskipulagið felur í sér aukna takmörkun og stýringu á almennri umferð um hafnarsvæðið enda hafa kröfur um slíka takmörkun aukist vegna öryggisþátta og viðkomu erlendra skipa. Aðgangstýring að hafnarsvæðinu skal vera í samræmi við lög um siglingavernd nr.50/2004.

Gert er ráð fyrir tveimur aðkomum fyrir ökutæki inn á svæðið, annars vegar frá Hafnarbyggð í gegnum miðbæjarkjarnann og hins vegar frá Hafnarbyggð norðan við svokallaða Bogaskemmu, en sú vegtenging mun verða megin-aðkoman inn á hafnarsvæðið.

Mögulegt er að takmarka eða loka alveg fyrir almenna umferð um athafnarsvæðið (hafnarbakkann), sérstaklega á álagstímum, þannig að atvinnustarfssemi verði ekki fyrir truflun af óviðkomandi umferð.

2.9 Bílastæði

Gert er ráð fyrir 8 bílastæðum fyrir almenning norðarlega á skipulagssvæðinu. Þá eru almenn bílastæði á miðbæjarsvæðinu auk stæða fyrir stóra bíla. Þar eru skilgreind 3 bílastæði fyrir hreyfihamlaða. Þá er gert ráð fyrir almennum bílastæðum fyrir allt að 10 bíla austan Kaupvangs og á hafnarsvæði austan verksmiðju. Einnig verður gert ráð fyrir 7 bílastæðum við Hafnarbyggð 12.



Mynd 5. Miðbæjarsvæði með uppbyggðri senu og ný-gróðursettum beðum.

2.10 Grænt svæði

Á miðbæjarsvæðinu er grænt svæði með stígum, tjörn og torgi, þar sem að almenningur getur notið útivistar.

2.11 Lagnir og veitur

Gert er ráð fyrir að byggingar á svæðinu tengist núverandi lögnum sem eru á og við deiliskipulagssvæðið.

Kvöð er um legu olíulagna innan svæðis.

Á uppdrætti eru sýnd staðsetning flutningsröra mjöls og löndunarrör.

Á uppdrætti má sjá legu háspennulínu.

3 ALMENNIR SKILMÁLAR

3.1 Almennt

Hér er lýst almennum skilmálum sem að jafnaði gilda um allar byggingar og framkvæmdir í tengslum við deiliskipulag þetta.

Vopnafjarðarhreppur skal auglýsa eftir umsóknum um lausar, byggingarhæfar lóðir og úthluta þeim.

Á milli lóðarleigenda og Vopnafjarðarhrepps verða gerðir lóðarsamningar. Greiða skal gatnagerðar- og byggingargjöld, svo og tengigjöld af húsum samkvæmt gjaldskrá áður en útmæling fer fram.

Húsin skulu byggð samkvæmt teikningum, sem samþykktar eru af Skipulags- og byggingarnefnd Vopnafjarðarhrepps. Byggingarstjórar skulu hafa umsjón með byggingu húsanna. Byggingaráfangar eru úttektarskyldir sbr. byggingarreglugerð.

Umráðamenn svæðanna skulu hlíta þeim reglum og samþykktum sem settar kunna að verða af hálfu yfirvalda sveitarfélagsins Vopnafjarðarhrepps og gilda á hverjum tíma um umgengni á svæðinu.

3.2 Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda

Ný verksmiðja með 850 tonna vinnslugetu á sólarhring er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar vegna stærðar sinnar, og fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

Tilkynningarferli skal lokið áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Ekki er gert ráð fyrir að aðrar framkvæmdir hafi teljandi umhverfisáhrif í för með sér. Byggingarreitir á svæðinu eru skilgreindir fyrir hafnsækna starfssemi, en komi það til að óskir um nýtingu þessara lóða feli í sér ákvæði um tilkynningar- eða umhverfismatsskyldu, sbr. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, verður slíkt mat að fara fram áður en úthlutun lóða getur átt sér stað.

Almennt er talið að stefnumið deiliskipulagsins leiði til betra umhverfisástands á hafnar- og miðsvæði (sbr. Umhverfisskýrslu kafla 4.9). Í tengslum við veitingu starfleyfa fyrir atvinnurekstur á svæðinu (sbr. Rg.785/1999) skal viðkomandi fyrirtæki vinna vöktunaráætlun vegna umhverfisáhrifa.

3.3 Hönnun mannvirkja og uppdrættir

Vegna bygginga á lóðum vísast til ákvæða þeirra laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulags- og byggingarlaga, byggingarreglugerðar, skipulagsreglugerðar, reglugerða um brunavarnir og brunamál og íslenska staðla eftir því sem við á.

Húsagerðir eru frjálssar að öðru leyti en því sem mæli- og hæðarblöð, skilmálar þessir og byggingarreglugerð segja til um.

Á aðaluppdráttum skal sýna skipulag lóðar, hæðartölur á landi við hús og á lóðarmörkum. Gera skal grein fyrir öðrum þáttum sem skipta máli fyrir útlit og fyrirkomulag mannvirkja á lóðinni sbr. 22. gr. byggingarreglugerðar (441/1998).

3.4 Mæliblöð og hæðarblöð

Mæliblöð sýna stærðir lóða, lóðamörk, byggingarreiti húsa, bindandi byggingarlínu, fjölda bílastæða og aðrar kvaðir, ef einhverjar eru.

Á hæðarblöðum eru sýndar hæðir á lóðamörkum. Á hæðarblöðum er einnig sýnd lega vatns- og frárennslislagna og inntakshliða fyrir veitustofnanir eftir atvikum.

Fyrirvari er gerður á nákvæmni deiliskipulagsuppdráttar, en mæli- og hæðablöð eru nánari útfærsla á deiliskipulagi þessu.

3.5 Byggingarreitur / nýtingarhlutfall

Málsettur byggingarreitur er sýndur á skipulagi og mæliblaði. Allir meginhlutar byggingar skulu standa innan hans.

Byggingarreitir eru táknaðir með brotnum línunum, sem tákna ystu mörk bygginga og lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum. Heildregin byggingarlína á byggingarreit þýðir að staðsetja skal hús í þeirri línu. Heimilt er að byggja innan byggingarreits, á deiliskipulagsuppdrætti kemur fram heimild um stærð á hámarksfleti byggingar innan byggingarreits. Einnig er heimilt að fleiri en eitt hús verði byggt á hverjum skilgreindum byggingarreit.

3.6 Frágangur lóða

Frágangur lóða skal almennt vera í samræmi við samþykka aðaluppdrætti og 3. kafla í byggingarreglugerð (441/1998). Á aðalteikningum skal sýna fyrirkomulag lóðar s.s. frágang lands, bílastæði og göngustíga, girðingar og trjágróður.

3.7 Sorp og sorpgeymslur

Sorpgeymslur skulu vera í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar (441/1998). Staðsetning og frágangur skal vera þannig að þær séu aðgengilegar og lítt áberandi.

3.8 Girðingar

Hyggist lóðareigandi girða lóð sína af, skal það vera gert í samræmi við 67 gr. í byggingarreglugerð (441/1998).

3.9 Olíutankar

Við staðsetningu og hönnun olíutanka skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 188/1990 um eldfima vökva og reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Samráð skal hafa við HAUST viðhönnun og frágang á olíugildru.

3.10 Atvinnustarfsemi

Í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er í fylgiskjöllum 1 og 2 talið upp hvort starfsleyfi fyrirtekis sé í höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar. Fyrir aðra atvinnustarfsemi í húsum þar sem það er heimilt skal rekstraraðili afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.



Mynd 6. Hafnar- og miðsvæði ð ásamt aðliggjandi svæðum. Séð úr lofti, júní 2008.



Mynd 7. Skýringarmynd frá HB Granda. Heildarsvæði HB Granda.



Mynd 8. Skýringarmynd frá HB Granda. Ný mannvirki lituð.



Mynd 9. Skýringarmynd frá HB Granda. Hvar verður byggt.




Mynd 10. Skýringarmynd frá HB Granda. Byggingarreitur nýrrar verksmiðju. Hérna megin stóra tanksins og inní portið.



Mynd 11. Skýringarmynd frá HB Granda. Áætlað útlit mannvirkja séð frá Lónabraut til suðurs.



Mynd 12. Skýringarmynd frá HB Granda. Áætlað útlit mannvirkja séð frá hafnarsvæði til norðvesturs



Mynd 13. Skýringarmynd frá HB Granda. Áætlað útlit mannvirkja séð frá Kaupfélagsbryggju, til norðurs



Mynd 14. Skýringarmynd frá HB Granda. Áætlað útlit mannvirkja séð frá Hafnarbyggð, til suðurs.



Mynd 6. Skýringarmynd frá HB Granda. Áætlað útlit mannvirkja séð frá Hafnarbyggð, til norðausturs.

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Hér er sett fram umhverfisskýrsla fyrir deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði. Skýrslan er unnin af Teikn á lofti ehf. í samvinnu við hönnuði mjölverksmiðjunnar fyrir Vopnafjarðarhrepp, sem leggur hana fram.

Umhverfisskýrslan skal auglýst og kynnt opinberlega ásamt viðkomandi skipulagstillögu sbr. ákvæði laga um umhverfismat áætlana og skipulags- og byggingarlaga.

4.1 Mats- og tilkynningarskylda

Deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis fjallar um framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, tölulið 7h, „Fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur á verndarsvæðum; fiskimjöls- og lýsisverksmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 500 tonn á sólarhring eða meiri“¹. Því telst framkvæmdin tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar og tekur hún ákvörðun um matskyldu framkvæmdanna áður en framkvæmdaleyfi er veitt af hálfu sveitarfélagsins.

Auk þess er deiliskipulagið háð ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

4.2 Aðferðir við umhverfismatið

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum við framfylgd skipulagsáætlunar. Við val á umhverfisþáttum sem lagðir eru til grundvallar við umhverfismat áætlunarinnar er tekið tillit til viðfangsefna deiliskipulagsins og umhverfisaðstæðna á áætlunarsvæði.

Þeir umhverfisþættir sem voru lagðir til grundvallar umhverfismatinu eru eftirfarandi:

- **Náttúrufar**, vegna rasks og uppfyllingar í höfninni.
- **Landslag**, vegna fyrirsjáanlegrar breyttrar ásýndar að framkvæmdum loknum.
- **Heilsa og vellíðan**, vegna áhrifa framkvæmda á loft- og vatnsgæði.
- **Umferðaröryggi**, vegna bætts skipulags á þungaumferð að/frá og um hafnarsvæðið.
- **Hagrænir og félagslegir þættir**, vegna aukins atvinnuhúsnæðis og fjölgun starfa á framkvæmdatíma.

¹ Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000

Fjallað er nánar um ofangreinda umhverfisþætti ásamt skilgreiningu umhverfisvísa í viðauka I.

4.3 Framsetning umhverfismats fyrir deiliskipulag

Við mat á áhrifum stefnumiða á umhverfisþætti þá sem lagðir eru til grundvallar, voru notuð eftirfarandi tákn/einkunnir:

J	Jákvæð áhrif
E	Engin eða óveruleg áhrif
N	Neikvæð áhrif
A	Afturkræfar framkvæmdir
Ó	Óafturkræfar framkvæmdir
S	Skammvinn áhrif
L	Langvarandi áhrif
M	Mótvægisaðgerðir

Í umhverfismati þessu voru metin þau stefnumið sem talin voru líkleg til þess að hafa áhrif í mati á umhverfisáhrifum og þar með hugmyndum um sjálfbæra þróun.

4.4 Skipulagssvæðið – staðhættir

Skipulagssvæðið afmarkast af götunni Hafnarbyggð í vestri, bryggjunni Ásgarði í norðri, hafnarbakkanum í austri og strandlínunni í suðri.

Svæðið einkennist að miklu leyti af stórum mannvirkjum og umsvifum hafnsækinnna fyrirtækja og þá sérstaklega útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja. Stór hluti svæðisins stendur á fyllingum, bæði nokkuð gömlum sem og nýlegum eða fyrirhuguðum.

Stærstur hluti opinna svæða hefur malaryfirborð eða lítt gróin „afgangssvæði“ utan miðsvæðis þar sem umhverfisfrágangur hefur átt sér stað með grasflöt, gróðri og hellulögnum.

4.5 Valkostir

Við val á skipulagsútfærslu hefur ýmsum öðrum möguleikum verið velt upp og skoðaðir en í samræði við athafnafyrirtæki á svæðinu og skipulagsráðgjafa hefur sveitarstjórn fallist á þessa tillögu sem nú er kynnt.

Tillagan fellur vel að skipulagi hafnarsvæðisins og nýtir svæði sem ella væru vannýtt auk þess sem há mannvirki er staðsett neðst á hafnarsvæðinu, þannig að hæð þeirra í landi sé lágmrkuð. Á þann hátt verða þau minna áberandi í umhverfinu.

4.6 Samræmi við aðalskipulag

Svæðið sem deiliskipulagið nær til er hefur skilgreinda landnotkun á nýstaðfestu Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026, sem “Hafnarsvæði” og “Miðsvæði”. Sú starfsemi sem fyrirhuguð er samkvæmt deiliskipulagi fellur vel að þeim landnotkunarskilgreiningum og ákvæðum.

Í stefnumörkun fyrir hafnarsvæðið segir í aðalskipulaginu; “Markmiðið er að efla til muna starfsemi tengdri sjósókn og flutningum á sjó m.a. í tengslum við gerð jarðganga til Héraðs. Unnið verði að þessu markmiði með því að efla hlutverk Vopnafjarðarhafnar á sviði útgerðar og fiskvinnslu, viðgerða, löndunar/útskipunar, almennrar þjónustu og með lengingu viðlegukanta”.

Skipulagstillagan vinnur að þessu markmiði.

4.7 Samráð og kynning

Teikn á lofti ehf. hefur unnið að umhverfisskýrslu þessari í samstarfi við hönnuði verksmiðju HB Granda og fyrir sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps.

Umhverfisskýrsla þessi verður kynnt almenningi samhliða auglýsingu á fyrirliggjandi deiliskipulag. Samanber kaflar 1-3 þessarar skýrslu.

Framkvæmdaaðilar kynntu hönnunarhugmyndir sínar á nýrri verksmiðju á opnum íbúafundi á Vopnafirði þann 23. janúar 2008. Á haustdögum 2008 lágu fyrir lokadrög að hönnun verksmiðjumannvirkja og voru þau kynnt á opnum íbúafundi þann 30. október 2008.

4.8 Áhrifasvæði og umhverfisáhrif

4.8.1 Framkvæmdaþættir og starfsemi sem getur valdið umhverfisáhrifum

Þeir þættir framkvæmda sem fylgja deiliskipulagi þessu sem kunna að valda jákvæðum eða neikvæðum umhverfisáhrifum eru;

- Bygging loðnubræðslu með vinnslugetu 850 tonn á sólarhring
- Bygging skorsteina allt að 40 m háir

Vegna tenginga þessara framkvæmda verður umhverfismati þeirra slegið saman í eina umfjöllun.

4.8.2 Umhverfiþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Við byggingu verksmiðju og skorsteina má áætla eftirfarandi umhverfisáhrif.

Á meðan á framkvæmdatíma stendur verður einkum um jákvæð áhrif vegna fjölgunar starfa í byggðarlaginu að ræða. Þegar verksmiðjan verður fullgerð og tekin til starfa munu neikvæð umhverfisáhrif hennar einkum felast í frárennsli og útblæstri, ásamt breyttri ásýnd vegna hárra skorsteina og bygginga. Jákvæðu áhrifin eru að sá útblástur sem verður í framtíðinni, verður meira hreinsaður og lyktarminni

en við núverandi aðstæður frá verksmiðjunni sem verður lögð niður samhliða opnun nýrrar verksmiðju. Sama á við um frárennsli og þar af leiðandi minnkandi óhreinindi við strandlengjuna. Nýbygging mun einnig bæta mjög aðbúnað á vinnustað þeirra sem vinna við bræðslu.

Þeir umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu eru;

- *Staðbundin loftgæði*, vegna minni mengunar frá nýjum skorsteinum.
- *Sjór/strandsvæði*, vegna útrása.
- *Ásýnd og umhverfi*, vegna breyttar strandlínu og hárra bygginga.
- *Heilsufar*, minni loftmengun og bættur aðbúnaður á vinnustað.
- *Óþægindi*, vegna lyktar-, ljóss- og hávaðamengunar, óhreininda á ströndinni.
- *Umferðaröryggi*, vegna öruggara skipulags umferðar um íbúðar- og miðsvæði.
- *Atvinnulíf*, vegna nýs atvinnuhúsnaðis og bættrar nýtingar núverandi bygginga.
- *Efnisleg verðmæti*, vegna fjölgunar starfa á framkvæmdatíma og aukinnar umferðar skipa.

4.8.3 Almennt um umhverfisáhrif fiskimjölsverkmiðja

Móttaka og geymsla hráefnis. Ferskt hráefni er lyktarlítið en ef það rotnar verður af því óþægileg lykt sem borist getur út í umhverfið ef geymslur eru opnar.

Vinnsluferill. Framleiðsla fiskimjöls og lýsis fellst í að eima og þurrka mest allt vatn úr hráefninu og skilja lýsi frá vökvanum. Við þurrkun er loft að nokkru leyti notað til að bera vatnið úr hráefninu og einnig er óhjákvæmilegt að lekaloft komist inn í vinnsluferilinn. Þó að vatnseimurinn í lofti, sem leitt er frá vinnsluferlinu, sé þvegin úr með sjó verða eftir lyktgefandi gös sem berast með loftinu út í umhverfið ef ekkert er að gert.

Verkmiðjuhús. Þó að undirprýstingur sé á vinnsluferlum smitast alltaf nokkið loft út úr þeim og blandast loftræstingu hússins eða getur borist út í umhverfið frá húsinu.

Mjölmeðferð. Eftir vinnslu er mjölið kælt og malað en hvortveggja hefur í för með sér notkun á lofti sem tekur í sig mjölryk og lykt. Frá geymslum getur borist lykt og ryk út í umhverfið. Þegar möl er sekkjað til geymslu falla til umbúðir sem þarf að farga eða endurnýta og við útskipun getur ryk og lykt borist til umhverfis.

Lýsismeðferð. Lýsi getur borist í frárennsli og einnig er hættu á leka frá vinnsluferli, geymslum og útskipun til staðar.

Orkuframleiðsla. Mikla varmaorku þarf til framleiðslunnar og er hún annaðhvort framleidd með olíu eða rafmagni. Við notkun olíu fer mikið magn brunalofts út í umhverfið.

Hjálparefni notuð við vinnsluna. Í efnaturni til lyktheydingar eru notuð klórefni og við þvotta á vinnsluferlinu er notaður vítissóði ásamt saltpéturs- eða súlfamín sýru. Einnig er stundum notuð efni til íblöndunar í hráefni, andoxunarefni í mjöl, sóttþreinsandi efni og sápa til þrifa. Þá eru notuð íblöndunarefni í ketilvatn. Engin af þessum efnum eru þrávirk og öll eru þau óskaðleg ef rétt er með farið.

Frárennsli. Af því hráefni sem fer inn eimast og þurrkast 60-65% frá sem vatn. Þetta vatn ber með sér uppleyst lífræn efni. Til að þetta þann eim sem ekki þéttist í ferlinu þarf kælisyjó sem þynnir út hluta þéttivatnslins.

4.9 Umhverfismat stefnumiða fyrir nýja loðnubræðslu og 40 m háa skorsteina

Tilgangurinn með byggingu nýrrar loðnubræðsluverksmiðu á Vopnafirði er að bæta framleiðsluferlið bæði hvað varðar mengun og hagkvæmni sem og að auka afköstin.

Samanburður kosta fyrir nýja verksmiðu		Umhverfisþættir				
		Náttúrufar	Landslag	Heilsa og vellíðan	Umferðaröryggi	Hagrænir og félagslegir þættir
Stefnumið	Tillaga deiliskipulagsins	NÓ/JL	N/EL	NS/JL	JL	JS/L
	Óbreytt fyrirkomulag	NL	E	N	N	E

Náttúrufar:

Lífríki hafnarinnar mun raskast við aukna landfyllingu og eru þær breytingar neikvæðar og óafturkræfar en taldar óverulegar, bæði vegna þess hve raskað umhverfi hafnarinnar er nú þegar sem og vegna smæðar landfyllingar. Frárennsli loðnubræðslu í dag er óviðunandi en með nýrri verksmiðu verður sett krafa á að hreinsa frárennsli, sem og að dæla því lengra út í fjörðinn svo þynningarsvæðið færast frá strandlínu þéttbýlisins (sjá nánari lýsingar framkvæmdaaðila hér neðar). Því mun uppbyggingin hafa jákvæð langvarandi áhrif á lífríki og mengunarstuðul hafnarinnar. Óbreytt landnotkun mun líklega hafa neikvæð og langvarandi umhverfisáhrif vegna áframhaldandi mengunar af frárennsli og útblæstri.

Landslag:

Tilkoma viðbótar landfyllingar mun hafa óafturkræf áhrif á ásýnd hafnarinnar en álitamál er hvort þau teljist neikvæð, þar sem viðbótin fellur vel að strandlínu í

höfninni og tengingu viðlegukanta.² Nýjar stórar byggingar og skorsteinar verða staðsettar neðst á hafnarsvæðinu til að draga úr hæð þeirra í landi og sjónrænum áhrifum frá byggð. Við hönnun þeirra skal leitast við að fella mannvirki að öðrum byggingum svæðisins, varðandi þakhalla og ytra útlit. Þetta leiðir til þess að áætla má að skipulagsáætlunin hafi neikvæð til óveruleg/engin umhverfisáhrif. Óbreytt fyrirkomuleg myndi valda engum eða óverulegum umhverfisáhrifum.

Heilsa og vellíðan:

Áhrif framkvæmdanna á heilsu og vellíðan þorpsbúa og starfsmanna gæti orðið neikvæð í skamman tíma á meðan á framkvæmdatíma stendur, þá einkum vegna ónæðis, ryks, aukinnar ljósmengunar og útblásturs vinnuvéla. Þegar fram í sækir og verksmiðja og skorsteinar eru fullfrágengnir munu áhrifin verða jákvæð og langvinn útfrá mengunargildum núverandi ástands. Bætt síun og hærri skorsteinar munu draga úr lyktarmengun við bræðslu. Áframhaldandi óbreytt landnotkun myndi valda neikvæðum umhverfisáhrifum vegna óþæginda af lykt og sjáanlegri mengun við strandlínu.

Umferðaröryggi:

Bætt skipulag á umferðarflæði til/frá og um hafnarsvæðið mun auka mjög á umferðaröryggi í öllu þéttbýlinu. Með tilkomu nýrrar aðkomu og hringtorgs út við kirkjugarð og tengingar innan hafnarsvæðis, samkvæmt aðalskipulagi sem er í staðfestingu, mun umferð þungaflutningabifreiða ekki lengur þurfa að liggja um íbúðarsvæði. Tillagan tekur mið af þeim breytingum með greiðri umferðaræð í gegnum skipulagssvæðið. Með skipulaginu skapast möguleiki á að loka allri óviðkomandi umferð um hafnarsvæðið / löndunarbryggju á álagstímum án þess þó að takmarka eðlilegt umferðarflæði að öðru leiti. Óbreytt er umferðaröryggi ábótavant og ekki þarf nema eitt óhapp til að áhrifin teljist óafturkræf og neikvæð.

Hagrænir og félagslegir þættir:

Uppbygging og aukin vinna í byggðarlaginu eru bein jákvæð skammvinn áhrif á umhverfisþætti efnislegra verðmæta með fjölgun starfa. Hvort sú uppbygging skilar fjölgun starf umfram framkvæmdatíma er ekki ljóst en augljóslega munu framkvæmdir skila tryggara atvinnuumhverfi starfsmanna. Nýtt atvinnuhúsnaði og betri nýting á núverandi byggingum mun hafa jákvæð og langvarandi umhverfisáhrif á hagræna umhverfisþætti Vopnfirðinga, þar sem öruggari rekstur fyrirtækisins skilar sér í meira atvinnuöryggi starfsmanna. Þá munu öll uppbygging á hafnarsvæðinu hafa jákvæð áhrif á skipakomur og umsvif í höfninni.

² Sjá umfjöllun í umhverfisskýrslu Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 um landfyllingar á hafnarsvæði.

4.9.1 Umfang umhverfisáhrifa fyrirhugaðrar verksmiðju og aðgerðir til að draga úr þeim

1. Afköst í löndun verða um 200 tonn/klst og hráefnið leitt í lokuðu ferli til lokaðra geymslutanka. Blóðvatn sem skilst frá við löndun verður varðveitt í lokuðum tönkum og nýtt inn í vinnsluna. Þannig er tryggt að lykt frá meðhöndlun og geymslu hráefnis takmarkist við hús og hafnarsvæði.

Þessi hluti verður að mestu óbreyttur frá í dag. Vegna þess að verkmiðjan verður stærri minnkar geymslutími og þar með lykt, en óþægileg lykt frá hráefni eykst með geymslutíma. Mun meiri áhersla verður lögð á ferskleika hráefnis en áður þar sem fyrirhuguð verkmiðja þarf á fersku hráefni að halda til að geta haldið gæðum framleiðslunnar eins miklum og miðað er við.

2. Loft frá gufupurrkara og vinnsluferlum sem er um 12.000 m³/klst. verður þvegið og kælt með sjó niður í 20°, meðhöndlað í efnaturni og sett út í umhverfið í gegnum 40 m skorstein. Lekaloft frá loftpurrkara sem er um 2500 m³/klst verður meðhöndlað á sama hátt og leitt til 40 m skorsteins. Kæli loft frá mjölkæli og kvörn sem er um 20.000 m³/klst verður hreinsað af mjölrýki með síubúnaði, þvegið og kælt með sjó í um 20°, og síðan leitt til sama skorsteins.

Hér er um miklar framfarir að ræða frá því sem nú er. Mest mengaða hluta lofts er haldið í lámarki með lokuðu kerfi og mun tryggara er að sundrun lyktgefandi gasa náist í nýjustu gerð efnaturna en með upphitun í katli eins og nú er gert. Kæli loft frá mjölkæli og kvörn verður þvegið og kælt og sennt til skorsteins sem ekki er gert í dag. Skorsteinar eru hærri og á heppilegri stað en nú er.

3. Loftræsting verkmiðjuhúss verður allt að 120.000 m³/klst. Hún verður framkvæmd með þeim hætti að undirþrýstingur verður í húsinu og loft leitt inn í húsið um ristar nærri gólfi og sogað gegnum viftu í rjáfri og blásið út til hins 40 m háa skorsteins.

Fyrirhugað hús er lengra frá íbúðarhúsum en núverand verkmiðja, skorsteinar eru miklu hærri og á mun hagstæðari stað miðað við ríkjandi vindáttir. Einnig er vinnsluferlið betur lokað og loftræst en áður þannig að ómeðhöndlað loft sleppur síður úr vinnsluferli út í húsið.

Með mikilli loftræstingu sem tekin er nærri jörðu inn í verkmiðjuna mun lykt umhverfis hana verða lítil sem engin. Einnig mun minna af menguðu lofti ná að komast út úr ferlinu en áður og það sem nær út þynnist gríðarlega í loftræsingunni áður en það yfirgefur vinnsluna í 40 m hæð yfir jörðu. Lyktmengað loft mun því slá niður mun fjær verkmiðjunni og á heppilegri stöðum en nú er og möguleg lyktgefandi gös verða margfalt meira útþynnt þar sem þau ná jörðu.

4. Mjölmagnið sem kemur frá verkmiðjunni verður um 160 tonn/24 klst þegar hún er í fullum rekstri og fer í lokuðu ferli til sílóa og áfram um lokað útskipunarkerfi til skips. Lítil loftskipti verða milli umhverfis og geymslu. Þegar mjölsíló fyllast verður mjöl flutt úr þeim í lokuðu kerfi til sekkjunar og geymslu í mjölhúsi og síðan verða sekkir tæmdir inn í sama kerfi og mjölið tekið inn í síló aftur til útskipunar. Loftskipti í mjölhúsi verða einnig í lágmarki og mjöl yfirleitt ekki flutt í sekkjum frá því.

Öll þessi meðferð mjöls frá vinnslu um geymslur til útskipunar verður meira aðskilin umhverfinu en nú er, þannig að lykt og rykburður til umhverfis mun verða hverfandi.

5. Lýsi sem framleitt verður er á bilinu 50 til 150 tonn/24 klst. Möguleikar á að lýsi komist út í umhverfið eru annarvegjar frá vinnslunni og þá í gegnum frárennsli af gólfum og hins vegar frá geymslutönkum eða við útskipun. Öllu frárennsli frá gólfum og yfirfall af vinnslutönkum verður safnað í geymslutank áður en því verður dælt til sjávar. Allt lýsi sem kann að komast í vatnið verður skilið frá í skilvindu. Þá verður byggð lekavarnarþró umhverfis lýsistanka eins og reglur gera ráð fyrir og skal haft samráð við HAUST og UST vegna hönnunar og frágangs slíkrar þróar³.

Mjög aukið öryggi er í þessu tvennu frá því sem nú er og auk þess er skiljun í skilvindu mun virkari leið til að hreinsa lýsi úr vatni en setþrær sem nú eru notaðar.

6. Fyrirhugað er að allri orkuþörf verksmiðjunar, sem er um 14 MW geti verið fullnægt með raforku þegar hún býðst á hagstæðu verði. Þetta þýðir að brennsla olíu hverfur þegar raforka býðst, sem gert er ráð fyrir að verði í náinni framtíð.

Núverandi verksmiðja brennir um 38 kg af olíu á hvert hráefnistonn. Á undanförunum árum hafa verið unnin um 80.000 tonn af hráefni á ári og til þess verið notuð um 3000 tonn af olíu. Fyrirhugað er að með tilkomu stærri og fullkomnari verksmiðju batni vinnslan þannig að um verulega minnkun á útblástri gróðurhúsalofttegunda getur orðið að ræða, sérstaklega ef raforka býðst.

7. Geymsla og meðhöndlun hjálparefna svo sem sóða, sýru og ketilefna verður í samræmi við lög og reglur við lög og reglur Umhverfisstofnunar og Vinnueftirlits ríkisins. Engin af þessum efnum eru þrávirk og þau skapa ekki hættu fyrir umhverfið við rétta notkun og eftir næga þynningu. Með því að safna afalli af gólfum og yfirfalli af tönkum áður en það er leitt til sjávar er hægt að tryggja með þynningu, skiljun eða eimingu að ekkert fari í frárennsli sem valdið getur tjóni.

Allir þessir þættir eru mikil framför frá núverandi verksmiðju.

³ Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun

8. Frárennsli frá verksmiðjunni má skipta gróflega í fernt.

1. 350 m³/klst kæli- og þvottasjór sem er um 20° heitur. Í hann blandast um 7 m³/klst af þéttivatni frá þurrkurum og eimara.
2. Þéttivatn frá eimingartækjum 16 m³/klst sem verður um 40° heitt.
3. Afrennsli af gólfum, þvottur og yfirfall af tönkum um 100 m³/viku þegar verksmiðjan er í gangi.
4. Afrennsli starfsmannaaðstöðu sem leiðist í frárennsliskerfi sveitarfélagsins.

Kælisjórinn með mjög útpynntu þéttivatni mun leiðast til sjávar framan við verksmiðju en annað þéttivatn ásamt afrennsli af gólfum og tönkum verður leitt í brunn og dælt þaðan ásamt með afrennsli frá matvinnslunni til sjávar utan hafnar í gegnum núverandi lögn.

Frárennslið verður alls 30% meira en frá núverandi verksmiðju og fer með svipuðum hætti til sjávar. Helsu breytingar til bóta eru að mun minni hætta er á að óæskilegir vökvar og efni fari í frárennslið fyrir slysi og einnig verður umbúnaður dælingar út fyrir garð öruggari og betri.

Auk þessa má nefna að brunavarnir verða betur tryggðar í nýrri verksmiðju og mun tryggara verður að eldur berist ekki milli húsa í bruna. Einnig verður verksmiðjuhúsið útbúið með vatnsúðunarkerfi. Þetta minnkar líkur á stórbruna og þar með öllum þeim óæskilegu áhrifum á umhverfið sem af slíku hlýst.

4.10 Samantekt og niðurstaða umhverfismats

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að deiliskipulagstillagan hafi óveruleg neikvæð umhverfisáhrif á vissa umhverfisþætti (ásýnd og náttúrufar) en langvarandi jákvæð áhrif á aðra s.s. heilsufar, atvinnulíf, óþægindi og umferðaröryggi. Þá munu bættar mengunarvarnir í verksmiðjunni hafa langvarandi jákvæð áhrif á náttúrufar.

4.11 Venslatöflur

Náttúrufar		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta /umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Staðbundin loftgæði	Efnasamsetning, mistur	Losunarmörk og viðmið eru sett í samræmi við reglugerð 787/1999 23.gr af Umhverfisstofnun (Hollustuvernd ríkisins) í tengslum við veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun samkv. reglug. nr. 785/1999.
Sjór/strandsvæði	Mengun vegna útrása. Breytt lífríki vegna nýrrar landfyllingar.	Samkvæmt aðalskipulagi er strandlína innan hafnarsvæðis í Flokki II samkv. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. gr.4.21 um verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi.

Landslag		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Ásýnd og umhverfi	Breytt strandlína, stórar byggingar	Skipulags- og byggingarreglugerð nr. 400/1998. Við framkvæmdaleyfi skal athugað hvort framkvæmdin uppfylli skilyrði V.kafla, laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Heilsa og vellíðan		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Heilsufar	Loftmengun, aðbúnaður á vinnustað.	Loftmengun skal vera undir mörkum sem tilgreind eru í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, bæði innan vinnustaðar sem og í þorpinu. Vöktun skal vera samkv. Fylgiskjali 1, reglugerðar nr.786/1999 um mengunarvarnareftirlit og taka til þátta sem tilgreindir eru í I.viðauka reglug. nr. 787/1999. Farið skal eftir lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.
Óþægindi	Lykt, ljós, hávaði, sjáanleg óhreinindi eða litur við strandlínu	Hávaðamengun frá starfseminni skal vera innan marka samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008, viðaukar, töflur III og IV um hávaðamörk.

Umferðaröryggi		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Umferðaröryggi	Öruggara skipulag umferðar um íbúðasvæði og miðsvæði	Vegalög nr. 80/2007, Reglugerð nr. 326/2004 um hafnarmál.

Hagrænir og félagslegir þættir		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Atvinnulíf	Atvinnuhúsnaði	Nýtt atvinnuhúsnaði og betri nýting á núverandi byggingum. Bætt innra skipulag á vinnsluferlum loðnubræðslu.
Efnisleg verðmæti	Fjöldi starfa og atvinnuöryggi	Möguleg fjölgun starfa á framkvæmdatíma og etv líka í tengslum við frekari uppbyggingu. Atvinnuöryggi eykst með frekari fjárfestingum stórra fyrirtækja á svæðinu.

5 KYNNING, AUGLÝSING OG MEÐFERÐ ATHUGASEMDA

Deiliskipulagstillagan var lögð fram í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 2008.

Deiliskipulagstillagan var auglýst þann með athugasemdafresti til 2008.

..... athugasemdir bárust á auglýsingatímanum.

Deiliskipulagstillagan var óbreytt frá auglýstri tillögu í skipulags- og byggingarnefnd Vopnafjarðarhrepps þann

Deiliskipulagstillagan var samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann 2008.

6 GILDISTAKA OG FRAMKVÆMD

Skipulagsáætlun þessi tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni afgreiðslu í samræmi við ákvæði byggingar- og skipulagslaga.

Deiliskipulag þetta, sem hefur fengið meðferð skv. lögum nr. 73/1997 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Vopnafjarðarhrepps þann og í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps þann

Sveitarstjóri

7 VIÐAUKAR - UMSAGNIR

Frá Umhverfisstofnun. Barst 29. janúar 2009

Bréf

Teikn á lofti ehf
Halldór Jóhannsson
Skipagötu 12
Pósthólf 170
602 Akureyri

Reykjavík, 29. janúar 2009
UST20090100003

Efni: Deiliskipulag

Vísað er til erindis Teikn á lofti ehf. er barst þann 5. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.

Markmið og afmörkun

Markmið deiliskipulagsins er að afmarka og skilgreina nánar frekari uppbyggingu og umferðarmál á hafnar- og miðsvæðinu á Vopnafirði. Svæðið sem deiliskipulagið tekur til afmarkast af götunni Hafnarbyggð í vestri, bryggjunni Ásgarði í norðri, hafnarbakkanum í austri og strandlínunni í suðri. Skipulagssvæðið er rúmlega 8,4 ha. að stærð.

Fyrirhugaðar framkvæmdir

Deiliskipulagstillagan nær yfir núverandi byggingar auk nýu byggingarreita. Gert er ráð fyrir landfyllingu frá Kaupfélagsbryggju að Ásgarði sem er í samræmi við núgildandi aðalskipulag. Ekki kemur fram hve stór landfylling kemur til með að verða, en landfyllingar sem eru áætlaðar 5 ha eða stærri eru tilkynningaskyldar samkvæmt 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Deiliskipulagstillagan felur m. a. í sér að núverandi olúbirgðastöð verði rifin og ný olúbirgðastöð verði reist á lóð norðan við núverandi staðsetningu. Einnig er gert ráð fyrir að ný mjölverksmiðja verði reist og núverandi mjölverksmiðja verði nýtt sem geymsla. Skipulagstillagan tekur einnig á almennt umferð og aðkomu á hafnarsvæðið og umferðarstýringu.

Umhverfisáhrif

Ný verksmiðja sem áætlað er að reisa verður með 850 tonna vinnslugetu á sólarhring sem er aukning frá vinnslugetu núverandi verksmiðju, og mannvirki verða hærri og stærri og reykþáfur hærri. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar og fellur undir 2. viðauka laga nr. 106/2000. Helstu áhrif á umhverfið verða sjónræn þar sem verksmiðjuhús, skorsteinar og mjölsíló verða mun hærri en núverandi byggingar, einkum sílóin. Þó fráveituvatn aukist um 30% eru allar aðstæður fyrir hendi til að fylgjast vel með og koma í veg fyrir mengun ef með þarf og eðlilegt er að á slíku sé tekið í starfsleyfi. Sama gildir um hreinsun og meðhöndlun lofts.

Umhverfisstofnun telur að sjónræn áhrif vegna nýrrar verksmiðju og bygginga tengda henni verði nokkur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vanda litanotkun á yfirborðsklæðningu verksmiðjunnar svo hún falli sem best að nærumhverfi sínu. Umhverfisstofnun telur að önnur umhverfisáhrif umfram það sem er í dag, verði lítil og geti jafnvel minnkað. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem um framleiðsluaukningu er að ræða þarf nýtt starfsleyfi.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir

Frá HAUST. Barst 11. janúar 2009

HAUST Heilbrigðiseftirlit Austurlands
s. 474 1235, fax. 471 2971, netfang: haust@haust.is



11. janúar 2009

Teikn á lofti
Halldór Jóhannsson
Skipagata 12
600 Akureyri

Umsögn um deiliskipulag fyrir hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði.

Þann 2.1. var með tölvupósti óskað umsagnar HAUST um deiliskipulag fyrir hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði. Greinargerð ásamt umhverfisskýrslu (dags. 6.11.2008) og uppdráttur (dags. 6.11.2008) fylgdu með. Halldór Jóhannsson hjá Teikn á lofti sendi erindið.

Deiliskipulagið lýtur að athafnasvæði á mið- og hafnarsvæði Vopnafjarðar, þar sem eru fjölmörg fyrirtæki sem HAUST (Heilbrigðiseftirlit Austurlands) hefur eftirlit með. Í flestum tilfellum er um að ræða fyrirtæki sem Heilbrigðisnefnd Austurlands vinnur starfsleyfi fyrir, svo sem matvöruverslun, vöruflutningamiðstöð, samkomuhús, sláturhús og fiskvinnslu, en einnig fer HAUST með eftirlit f.h. Umhverfisstofnunar (UST) með fiskimjölsverksmiðju HB Granda, en Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir fiskimölsverksmiðjuna. Einnig er á svæðinu olíubirgðastöð sem Umhverfisstofnun vinnur starfsleyfi með og sú stofnun fer þar einnig með eftirlit.

Í skýrslunni er fjallað um fiskimjölsverksmiðju HB Granda og áform um stækkun hennar og endurbyggingu. Þar sem UST mun væntanlega gefa út nýtt eða breytt starfsleyfi fyrir verksmiðjuna hvetur undirrituð til að UST verði send skýrslan til umsagnar hafi það ekki þegar verið gert.

Eftirfarandi eru ábendingar og aths. sem undirrituð telur rétt að koma á framfæri.

Gr. 2.3. Svæði fyrir birgðatanka

Í niðurlagi kemur fram að samráð skuli haft við HAUST varðandi þró (olíugildru) um svæði fyrir birgðatanka. HAUST fagnar því að fá slíkt til umsagnar, en bendir á að þar sem UST vinnur starfsleyfi fyrir olíubirgðastöðvar og fiskimjölsverksmiðjur skv. fylgiskjali 1 í [Reglugerð nr. 785/1999](#) um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, er rétt að hafa samráð við þá stofnun vegna birgðatankasvæðis.

Gr. 2.6 Ný verksmiðja

Í skýrslunni kemur fram að ráðgert er að rífa hluta húsnæðis gömlu bræðslunnar (mjölhúsið), breyta núverandi verksmiðjuhúsi í mjölgeymslu og byggja tanka og 40 m háan skorstein nær sjónum og þar með fjær Hafnarbyggðinni en nú er. Afkastageta mun aukast úr 650 tonnum af hráefni á sólarhring í 850.

Það er almennt álit undirritaðrar að æskilegt væri að færa fiskimjölsverksmiðjuna fjær miðbæ þéttbýlisins en hér er kynnt. Hins vegar er um hafnsækna starfsemi að ræða og slíkur flutningur vart mögulegur. Þess vegna er hér með fagnað áformum um að færa verksmiðjuna til innan lóðar og frá Hafnarbyggðinni eftir því sem unnt er.

Gr. 3.10 Atvinnustarfsemi

Vegna vísunar í að fyrirtæki skuli hafa starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. er hér aftur minnt á að í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er í fylgiskjölum 1 og 2 talið upp hvort viðkomandi heilbrigðisnefnd eða UST fari með starfsleyfisvinnslu fyrir fyrirtækjaflokk.

Kafli 4 UMHVERFISSKÝRSLA

Liður 2 og 3 fjalla m.a. um lyktarvarnir frá fiskimjölsverksmiðjunni

- Í gr. 4.9.1 er fjallað ítarlega um lyktaruppsprettur í fiskimjölsverksmiðjunni og áform um lykteyðingu. Undirrituð fagnar þessum áformum og telur að hér sé um mikið framfaraspor að ræða. Einkum er sá þáttur að koma á undirprýstingi í verksmiðjuhúsinu og vonandi einnig í mjölgeymslunni ásamt með hækkan skorsteins mjög til bóta.
- Vegna þess hve heitt getur orðið í verksmiðjunni og þess að yfir sumartímann geta veður á Vopnafirði verið eindæmablíð er hvatt til að loft sem dregið er inn í verksmiðjuna skuli vera kælanlegt. Með loftkælingu ætti ekki að þurfa að opna út á góðvirðisdögum, enda vart fýsilegt að hafa vélbúnað til að skapa undirprýsting það öflugan að hann ráði við opnar dyr.
- Athyglisvert væri að sjá vindrós og dreifingarlíkan útblásturslofts frá nýjum 40 m háum skorsteini.

Liður 5 um lekavarnaþró umhverfis lýsistanka

Ábending um að hafa skuli samráð við UST auk HAUST vegna þróar umhverfis lýsistanka.

Liður 7 Geymsla og meðhöndlun hjálparefna

Hollustuvernd sem stofnun hefur verið lögð niður og verkefni hennar færð til Umhverfisstofnunar. Því er rétt að breyta nafni stofnunar í skýrslunni og setja UST í stað Hollustuverndar.

Liður 8 Frárennsli frá verksmiðjunni

Ekki verður annað séð en að áform um hreinsun fráveitu séu metnaðarfull og að í þeim sé gert ráð fyrir burðargetu fyrir “afrennsli frá matvinnslunni” einnig, þ.e. frá frystihúsi fyrirtækisins til viðbótar við frárennsli frá fiskimjölsverksmiðjunni. Vegna orðalags í greinargerðinni vaknar þó spurning í huga undirritaðrar um hvort hreinsun á fráveitu frá matvinnslunni (m.a. þegar unnin er síld, loðna skorin og í hrognatöku) muni flutt inn í matvinnsluna eða verði óbreytt.

Annað

Fráveitulögn liggur um svæðið og ber hún skólp frá svæðinu auk þess sem fráveita frá megninu af íbúasvæði Vopnafjarðar er leidd inn á svæðið og um útrás í svokölluðu Kolaporti út í sjó.

Í [reglugerð nr. 798/1999](#) um fráveitur og skólp eru gerðar kröfur um skólp sé hreinsað, sbr. eftirfarandi:

7.3 Skólp skal hreinsa með a.m.k. eins þreps hreinsun eða sambærilegri hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur, sbr. viðmiðanir í II. viðauka B.

3.14 Hreinsun skólps:

Eins þreps hreinsun er hreinsun skólps með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD₅-gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólpi er lækkað um að minnsta kosti 50%. *Grófhreinsun* er hreinsun fastra hluta úr fráveituvatni með rist, síu eða öðrum búnaði til að koma í veg fyrir sjónmengun.

Miðað við að viðtaki verði formlega skilgreindur sem síður viðkvæmur er því ljóst að a.m.k. þarf að gera ráð fyrir eins þreps hreinsun og grófhreinsun skólps áður en því er veitt út í sjó sbr. áform í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. kemur fram að skólpdælu- og – hreinsistöðvar skuli vera á skilgreindu iðnaðarsvæði, sbr. eftirfarandi:

4.7.1 Skilgreining iðnaðarsvæða.

Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitustöðvum, skólpdælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olfur og móttökustöðvum fyrir úrgang.

Vegna þessa telur undirrituð nauðsynlegt að á svæðinu norðan við núverandi olíubirgðastöð eða í nánd við hana verði tekið frá svæði skilgreint sem iðnaðarsvæði til að reisa á hreinsi- og/eða dælistöð fyrir fráveitu þéttbýlisins. Lagt er til að deiliskipulagstillögunni verði breytt hvað þetta varðar.

Annað ekki.

Virðingarfyllst,

Helga Hreinsdóttir
frkvstj. HAUST

Afrit í tölvupósti send

Halldóri Jóhannssyni hjá Teikn á lofti, halldor@teikn.is,
Þorsteini Steinssyni sveitarstjóra, steini@vopnafjardarhreppur.is og
Sveinbirni Sigmundssyni verksmiðjustjóra HB Granda. sveinbjorn@hbgrandi.is
Borghildi Sverrisdóttur og Árna Kristinssyni, fulltrúum norðursvæðis í Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Frá Skipulagsstofnun. Barst 20. febrúar 2009

2008100037
7502; 9312

Vopnafjarðarhreppur
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Reykjavík, 20. febrúar 2009

/--

Efni: Deiliskipulag hafnar - og miðsvæðis á Vopnafirði.

Vísað er til erindis Vopnafjarðarhrepps, dags. 5. febrúar 2009, þar sem deiliskipulag hafnar - og miðsvæðis á Vopnafirði, er sent Skipulagsstofnun til yfirferðar samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn 29. janúar 2009. Málsmeðferð var skv. 25 gr. skipulags- og byggingarlaga. Engar athugasemdir bárust frá almennum hagsmunaaðilum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Afmörkun deiliskipulagstillögunnar er; Hafnarbyggð í vestri, bryggjan Ásgarður í norðri, hafnarbakkinn í austri og strandlínán í suðri. Skv. aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði að mestum hluta og að hluta sem verslun og þjónusta og opinberar stofnanir. Í deiliskipulagstillögunni er lóðaafmörkunum breytt, umferðarmál og uppbygging nánar skilgreind og m.a. er gert ráð fyrir nýrri fiskimjölverksmiðju með framleiðslugetu um 850tonn á sólarhring (núverandi verksmiðja verður lögð niður) og að birgðastöð olíu verði færð til. Níu nýir byggingarreitir eru skilgreindir á svæðinu. Skilmálar eru almennir; stærð byggingarreits og hámarksflatarmál en engir sérskilmálar, t.d. um frágang, hæðafjölda eða útlit eru fyrir einstakar lóðir. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á núverandi byggingum, utan tveggja sem eru til niðurrifs.

Deiliskipulagið er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 6. nóv. 2008 br. 29. jan. 2009 og er greinargerð ásamt umhverfisskýrslu í sér hefti dags. 6. nóv. 2008 br. 29. jan. 2009. Í greinargerðinni er smækkað afrit af deiliskipulagsuppdrættinum, en stofnuninni barst ekki undirritað afrit í réttum mælikvarða. Ekki kemur fram í gögnum hvaða breytingar voru gerðar á tillögunni við lokaafgreiðslu í sveitarstjórn, en Skipulagsstofnun fékk sent yfirlit yfir það í tölvupósti 17. febrúar. Í greinargerðinni eru skýringarmyndir. Innbundnar í greinargerðinni eru jafnframt umsagnir eftirfarandi aðila: Umhverfisstofnunar dags. 29. janúar 2009, Siglingastofnunar dags. 19. jan. 2009, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, dags. 11. janúar 2009 og Skipulagsstofnunar dags. 19. jan. 2009. Í símtali við sveitarstjóra 20. febrúar kom fram að farið hafi verið yfir allar umsagnirnar og afstaða tekin til atriða sem þar voru nefnd.

Skipulagsstofnun yfirfór umhverfisskýrslu deiliskipulagins í janúar 2009 og benti þá á að í umhverfisskýrslunni vantaði að rökstyðja hvort/ hvernig tillagan uppfyllti þau lög og Reglugerði sem taldar eru upp í venslatöflum og benti á að gera þyrfti vöktunaráætlanir, ef hætta væri á að farið væri yfir einhver mörk. Skipulagsstofnun benti einnig á að ef niðurstaða umhverfismatsins leiddi í ljós að tiltekna útfærslur á

mannvirkjum / lóðum eru nauðsynlegar til þess að hindra neikvæð umhverfisáhrif, þá verði að gæta þess að í deiliskipulagið séu settir skilmálar þar að lútandi. Í nýjum gögnum hefur venslataflan m.a. verið útfærð nánar, en í stað þess að leggja mat á hvort fyrirhuguð starfssemi uppfylli umhverfisverndarmarkmið í lögum og reglugerðum eru ýmist sett skilyrði um að viðkomandi ákvæði skuli uppfyllt eða nánari athugun vísað til framkvæmdaleyfisveitingar. Ákvörðun um vöktun er síðan vísað til útgáfu starfsleyfa, þ.e. þá skulu viðkomandi fyrirtæki vinna vöktunaráætlanir. Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B- deild Stjórnartíðinda. Stofnuninni þarf að berast undirritaður deiliskipulagsuppdráttur í réttum mælikvarða til vörslu.

Málfríður K Kristiansen

afrit:
Umhverfisstofnun,
Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Frá Siglingastofnun. Barst 19.janúar 2009

Sæll Halldór og sömuleiðis gleðilegt ár.

Hef farið yfir gögnin sem þú sendir, deiliskipulagsupprátt og greinargerð dags. 06.11.2008.

- Ég teldi rétt að útlína Löndunarbyggju sem komin er verði sýnd sem heildregna lína á uppdrætti, möguleg lenging að Ásgarði strik-punkta lína.
- Eins og kom fram í umsögn minni um aðalskipulagið (bréf dags. 09.05.2007) þarf að huga vel að legu og gerð fláa á jaðri uppfyllingar sunnan Löndunarbyggju með tilliti til frákasts öldu sem berst inn á hafnarvæðið.
- Tryggja þarf að aðgangsstýring að hafnarvæði verði í samræmi við lög um siglingavernd.
- Bendi á að hafnarvæði við Löndunarbyggju er aðeins sýnt um 20 m breitt (lauslega mælt af uppdrætti) en ríkisstyrkur í bryggjuna hefur miðast við 30 m breidd. 20 m er auk þess of mjótt ef einhver gámaumferð er.

Að öðru leyti eru ekki athugasemdir af hálfu Siglingastofnunar við deiliskipulagið

Kveðja,

Kristján Helgason
Siglingastofnun Íslands
Vesturvör 2, 200 Kópavogi
Sími 560 0000/ Fax 560 0060
Netfang: kristjan@sigling.is

Deiliskipulag Hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði

Breytingar að loknum auglýsingartíma gerðar með tilliti til umsagna eru eftirfarandi (skástrikað er breyttur texti);

- **Kafli 2.2** Nýr kafli sem bætt er inn:

Landfyllingar

Við gerð landfyllinga skal huga vel að legu og gerð fláa á jaðri uppfyllinga með tilliti til frákasts öldu sem berst inná hafnarsvæðið.

Því breytast aðrir undirkaflar í kafla 2 og hækka um eitt númer.

- **Kafli 2.4 (áður 2.3)** Samráð skal haft við umhverfisstofnun en ekki HAUST eins og getið var. Málsgreinin verður þá eftirfarandi;

Pró (ólugildra) skal koma umhverfis hvern reit, í samræmi við reglugerðir þar um og í samráði við *Umhverfisstofnun*.

- **Kafli 2.8 (áður 2.7).** Bætt við setningu;

Deiliskipulagið felur í sér aukna takmörkun og stýringu á almennri umferð um hafnarsvæðið enda hafa kröfur um slíka takmörkun aukist vegna öryggisþátta og viðkomu erlendra skipa. *Aðgangstýring að hafnarsvæðinu skal vera í samræmi við lög um siglingavernd nr.50/2004.*

- **Kafli 3.2.** bætt við 4ðu málsgrein:

Almennt er talið að stefnumið deiliskipulagsins leiði til betra umhverfisástands á hafnar- og miðsvæði (sbr. Umhverfisskýrslu kafla 4.9). Í tengslum við veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur á svæðinu (sbr. Rg.785/1999) skal viðkomandi fyrirtæki vinna vöktunaráætlun vegna umhverfisáhrifa.

- **Kafli 3.10** lítur svona út eftir breytingu;

Í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun er í fylgiskjöllum 1 og 2 talið upp hvort starfsleyfi fyrirtækis sé í höndum viðkomandi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar. Fyrir aðra atvinnustarfsemi í húsum þar sem það er heimilt skal rekstraraðili afla starfsleyfis heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br.

- **Kafli 4.9.1.** Liður 5. Bætt við setningu um samráð;

5. Lýsi sem framleitt verður er á bilinu 50 til 150 tonn/24 klst. Möguleikar á að lýsi komist út í umhverfið eru annarveggar frá vinnslunni og þá í gegnum frárennsli af gölfum og hins vegar frá geymslutönkum eða við útskipun. Allt frárennsli frá gölfum og yfirfall af vinnslutönkum verður safnað í geymslutank áður en því verður dælt til sjávar. Allt lýsi sem kann að komast í vatnið verður skilið frá í skilvindu. Þá verður byggð lekavarnarþró umhverfis lýsistanka eins og reglur gera ráð fyrir og skal haft samráð við HAUST og UST vegna hönnunar og frágangs slíkrar þróar.

- **Kafli 4.9.1.** Liður 7. Nafni Hollustuverndar breytt í Umhverfisstofnun.

7. Geymsla og meðhöndlun hjálparefna svo sem sóða, sýru og ketilefna verður í samræmi við lög og reglur *Umhverfisstofnunar* og *Vinnueftirlits ríkisins*. Engin af þessum efnum eru þrávirk og þau skapa ekki hættu fyrir umhverfið við rétta notkun og eftir næga þynningu. Með því að safna afalli af gólfum og yfirfalli af tönkum áður en það er leitt til sjávar er hægt að tryggja með þynningu, skiljun eða eimingu að ekkert fari í frárennsli sem valdið getur tjóni.

- **Kafli 4.11.** Nákvæmari útlistun umhverfisviðmiða í venslatöflu svo hún lítur svona út að loknum breytingum;

Náttúrufar		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta /umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Staðbundin loftgæði	Efnasamsetning, mistur	<i>Losunarmörk og viðmið eru sett í samræmi við reglugerð 787/1999 23.gr af Umhverfisstofnun (Hollustuvernd ríkisins) í tengslum við veitingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun samkv. reglug. nr. 785/1999.</i>
Sjór/strandsvæði	Mengun vegna útrása. Breytt lífríki vegna nýrrar landfyllingar.	<i>Samkvæmt aðalskipulagi er strandlínan innan hafnarsvæðis í Flokki II samkv. Skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.br. gr.4.21 um verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar. Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Framkvæmdaáætlun um varnir gegn mengun sjávar frá landi.</i>

Landslag		
Umhverfisþættir	Lýsing umhverfisþátta/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Ásýnd og umhverfi	Breytt strandlína, stórar byggingar	<i>Skipulags- og byggingarreglugerð nr. 400/1998. Við framkvæmdaleyfi skal athugað hvort framkvæmdin uppfylli skilyrði V.kafla, laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.</i>

Heilsa og vellíðan		
Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttanna/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Heilsufar	Loftmengun, aðbúnaður á vinnustað.	<i>Loftmengun skal vera undir mörkum sem tilgreind eru í reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, bæði innan vinnustaðar sem og í þorpinu. Vöktun skal vera samkv. Fylgiskjali 1, reglugerðar nr.786/1999 um mengunarvarnareftirlit og taka til þátta sem tilgreindir eru í I.viðauka reglug. nr. 787/1999. Farið skal eftir lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustað.</i>
Óþægindi	Lykt, ljós, hávaði, sjáanleg óhreinindi eða litur við strandlínu	<i>Hávaðamengun frá starfseminni skal vera innan marka samkvæmt reglugerð um hávaða nr. 724/2008, viðaukar, töflur III og IV um hávaðamörk.</i>

Umferðaröryggi		
Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttanna/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Umferðaröryggi	Öruggara skipulag umferðar um íbúðasvæði og miðsvæði	Vegalög nr. 80/2007, Reglugerð nr. 326/2004 um hafnarmál.

Hagrænir og félagslegir þættir		
Umhverfispættir	Lýsing umhverfispáttanna/umhverfisvísa	Umhverfisviðmið
Atvinnulíf	Atvinnuhúsnæði	<i>Nýtt atvinnuhúsnæði og betri nýting á núverandi byggingum. Bætt innra skipulag á vinnsluferlum loðnubræðslu.</i>
Efnisleg verðmæti	Fjöldi starfa og atvinnuöryggi	<i>Möguleg fjölgun starfa á framkvæmdatíma og etv líka í tengslum við frekari uppbyggingu. Atvinnuöryggi eykst með frekari fjárfestingum stórra fyrirtækja á svæðinu.</i>

Nr. 211

23. febrúar 2009

AUGLÝSING
um deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði.

Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps samþykkti 29. janúar 2009 deiliskipulag hafnar- og miðsvæðis á Vopnafirði og hefur það hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið afmarkar og skilgreinir nánar frekari uppbyggingu og umferðarmál á hafnar- og miðsvæðinu auk þess sem byggingarreitir og lóðir hafa verið skipulagðar m.t.t. lóðarmarka og aðkomu.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vopnafirði, 23. febrúar 2009.

Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps.

B-deild – Útgáfud.: 24. febrúar 2009